I. Til ríkisstjórnarinnar varðandi aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvað líður störfum stjórnskipaðrar nefndar, er falið var að gera tillögur um aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg?
2. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að ráða bót á hinu ískyggilega atvinnuástandi á vestanverðu Norðurlandi?

II. Til kirkjumálaráðherra varðandi Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að tryggja áframhaldandi byggð á Hrafnseyri við Arnarfjörð?
2. Hvað líður undirbúningi hagnýtrar starfsemi á staðnum í minningu Jóns Sigurðssonar forseta?